

T PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288



**Fasteignasala
í Fjallabyggð**
VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ
Arndís Erla Jónsdóttir
Lögblitur fasteignasali og
viðskiptafræðingur
S. 690-7282
arndis@fasteignamidun.is



35. tbl. 36. árg. 23. okt. 2024

Dagskrá Félags eldri borgara í Siglufirði 2024 - 2025

2024:

17. nóv. **Sviðamessa í Skálarhlíð kl. 17.00.**
8. des. **Jólafundur**



2025:

25. jan. **Þorrablot haldið í Tjarnarborg (Sigló/ Óló).**
16. feb. **Aðalfundur.**
9. mars **Félagsfundur og BINGÓ á eftir.**
15. apr. **Vorfundur.**
10. maí **Síðasti fundur starfsársins.**

Það skal tekið fram að inni þessa dagskrá á eftir að setja sameiginlega fundi félagana í Siglufirði og Ólafsfirði, Þorrablotið verður sameiginlegt, síðan kemur Kótelettukvöld, og væntanlega aðventuhátíð, verður birt um leið og dagsetningar liggja fyrir. Einnig sameiginlegur fundur félaga við Eyjafjörð sem verður haldinn í Tjarnarborg.

Hvet alla þá sem eru orðnir 60 ára til að ganga í félagið.

Ólafur Baldursson formaður FEBS

Siglufjarðarkirkja 27. október



Kl. 20.00: Lesmessa.

Kirkjukór Siglufjarðar leiðir söng,
Ave Kara Sillaots leikur undir á píanó.

Verið hjartanlega velkomin - Sigurður Ægisson

Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
húsafriðunarsjóði
fyrir árið 2025

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningar húsa og mannvirkja, og miðlunar upplýsinga um þær.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016 um verndarsvæði í byggð og til verkefna innan verndarsvæða í byggð.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis og upprunaleika.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á vef Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is. (undir Sjóðir & nefndir)

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2024. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álitá við úthlutun styrkja.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningar um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa og um verndarsvæði í byggð, sem finna má á vef Minjastofnunar Íslands (undir Leiðbeiningar). Í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni er veitt ráðgjöf um gerð styrkumsókna og viðhald og viðgerðir á gömlum húsum (sjá nánar á <https://reykjavik.is/husverndarstofa.is>).



Minjastofnun
Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Sími: 570 1300 (beinn sími húsafriðunarsjóðs er 570 1307)

www.minjastofnun.is

husafriðunarsjodur@minjastofnun.is

KYNNING Á AFRÍKU FERÐUM

Obeo Afríka kynnir sínar einstöku
Afríku ferðir. Verið velkomin



24. október kl 18:00
Síldarkaffi, Siglufjörður

Obeo
AFRÍKA
ÞAR SEM HJARTAD SLÆR
obeoafrika.is



Fjallabyggð



Breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 Hafnar- og athafnasvæði á Siglufirði

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Fjallabyggðar samþykkti þann 30. ágúst 2024 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er unnin samhliða nýju deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Siglufirði og er markmið þess m.a. að skapa örugga hafnaraðstöðu með góðu viðlegurými fyrir stærri skip og að ferðabjónustu verði gefið rými til uppbyggingar við afmarkað hafnarsvæði. Greinargerð með rökstuðningi er á uppdrætti dags. 17. apríl 2024.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska eftir nánari upplýsingum geta snúið sér til tæknideildar Fjallabyggðar.

Íris Stefánsdóttir, skipulagsfulltrúi.

Fjallabyggð



Bæjarlistamaður Fjallabyggðar 2025



Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar auglýsir eftir
tilnefningum um Bæjarlistamann Fjallabyggðar 2025.

Nafnbótin Bæjarlistamaður Fjallabyggðar
getur hlotnast listamanni eða hópi.

Frestur til að skila inn tilnefningum er til **14. nóvember nk.**

Tilnefningar berist til markaðs- og menningarfulltrúa,
á netfangið lindalea@fjallabyggd.is.

Einnig er hægt að senda inn tilnefningu rafrænt
á heimasíðu Fjallabyggðar undir “Þjónustugátt”.

Reglur um tilnefningu bæjarlistamanns má finna á heimasíðu Fjallabyggðar.

17. október 2024

Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar

